

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1019/2012

2013/EES/20/18

frá 6. nóvember 2012

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 að því er varðar lágmarksinnihald fóduraukefnisins endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 109.713), í föðri fyrir eldiskjúklinga og endur (leyfishafi er BASF SE) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í föðri⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ensímið endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleitt með *Aspergillus niger* (CBS 109.713) og tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyft til 10 ára sem fóduraukefni fyrir eldiskjúklinga og endur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009⁽²⁾ og til notkunar fyrir eldiskalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1380/2007⁽³⁾.
- 2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir ensímið sem um er að ræða með því að minnka lágmarksinnihald þess úr 560 TXU/kg í 280 TXU/kg, að því er varðar eldiskjúklinga og endur. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

- 3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 2. febrúar 2012⁽⁴⁾ að við ný, tillögð notkunarskilyrði sé ensímið, sem um er að ræða, áhrifaríkt í þeim lágmarksskammti sem óskað er eftir sem er 280 TXU/kg. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértekum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað.
- 4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.
- 5) Því ber að breyta reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1096/2009 til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1096/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar;

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 60. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2013 frá 15. mars 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 301, 17.11.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 309, 27.11.2007, bls. 21.

⁽⁴⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(2), 2575.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1096/2009 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni.									
4a62	BASF SE	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	<i>Samsetning aukefnis</i> Blanda með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 109.713), með virkni að lágmarki: Fast form: 5 600 TXU ⁽¹⁾ /g Vökvaform: 5 600 TXU/ml <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Endó-1,4-betaxýlanasi, sem er framleiddur með <i>Aspergillus niger</i> (CBS 109.713) <i>Greiningaraðferð</i> ⁽²⁾ Seigjumælingaraðferð sem byggist á minnkandi seigju sem næst fram með verkun endó-1,4-betaxýlanasa á hvarfefni sem í er xýlan (arabinoxýlan úr hveiti) við pH-gildið 3,5 og 55 °C	Eldis-kjúklingar	—	280 TXU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur á hvert kíló heilfóðurs fyrir eldiskjúklinga og endur: 800 TXU. 3. Til notkunar í fôður, auðugt af sterkju og öðrum fjölsykrum en sterkju (einkum betaglúkónum og arabinoxýlönnum).	7.12.2019
				Endur		280 TXU			

⁽¹⁾ 1 TXU er magn þess ensíms sem leysir 5 míkromól afoxandi sykra (xýlösajafngilda) á mínútu úr arabinoxýlani úr hveiti við pH-gildið 3,5 og 55 °C.

⁽²⁾ Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx